

HEILBRIGÐISNEFND HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS
45. fundur –29. október 2001

Fundargerð

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, mánudaginn 29. október 2001, á skrifstofu Heilbrigðiseftirlitsins að Garðatorgi 7, Garðabæ, og hófst hann kl. 17:30. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk Guðmundar H. Einarssonar, framkvæmdastjóra og Þóru Elínar Guðjónsdóttur, heilbrigðisfulltrúa. Gestur Pétursson boðaði forföll en í hans stað mætti Örn Sigurðsson.

Eftirfarandi mál voru tekin fyrir samkvæmt dagskrá:

1. Fundargerð 44. fundar heilbrigðisnefndar.

Samþykkt

2. Fundargerð 36. starfsmannafundar frá 24. október 2001.

2.1 Starfsleyfi.

2.1.1 Askalind 3, Kópavogi - trésmiðja.

Lögð fram umsókn Viðars Kórnerup Hansen f.h. Friforms ehf. kt: 540200-2460, dags. 11. október 2001, þar sem sótt er um leyfi til reksturs trésmiðaverkstæðis að Askalind 3, Kópavogi. Ný starfsemi.

Starfsleyfi samþykkt til 15 ára með skilyrðum sem fram koma í sértækum starfsreglum heilbrigðisnefndar, sem gilda um starfsemina og þegar fyrir liggur að starfsemin samrýmist gildandi skipulagi og er í samræmi við samþykktu notkun fasteigna .

2.1.2 Bæjarhraun 22, Hafnarfirði - prentsmiðja.

Lögð fram umsókn Magnúsar Ólafssonar f.h. Prisma – Prentco kt: 671296-3469, dags. 4 október 2001, þar sem sótt er um leyfi til reksturs prentsmiðju m/framköllun að Bæjarhrauni 22, Hafnarfirði. Endurnýjun.

Starfsleyfi samþykkt til 10 ára með skilyrðum sem fram koma í sértækum starfsreglum heilbrigðisnefndar, sem gilda um starfsemina og þegar fyrir liggur að starfsemin samrýmist gildandi skipulagi og er í samræmi við samþykktu notkun fasteigna .

2.1.3 Bæjarhraun 22, Hafnarfirði - auglýsingastofa / stafræn prentun.

Lögð fram umsókn Guðlaugs Sigurðssonar f.h. Stafrænu hugmyndasmiðjunnar ehf. kt: 531200-2330, dags. 4. október 2001, þar sem sótt er um leyfi til reksturs auglýsingastofu með stafræna prentun að Bæjarhrauni 22, Hafnarfirði. Ný starfsemi.

Starfsleyfi samþykkt til 15 ára með skilyrðum sem fram koma í sértækum starfsreglum heilbrigðisnefndar, sem gilda um starfsemina og þegar fyrir liggur að starfsemin samrýmist gildandi skipulagi og er í samræmi við samþykktu notkun fasteigna.

2.1.4 Bæjarlind 14-16, Kópavogi - sólbaðsstofa.

Lögð fram umsókn Konráðs V. Konráðssonar f.h. Framsýn miðlun ehf. kt: 550201-2670, dags. 2. október 2001, þar sem sótt er um leyfi til reksturs sólbaðsstofu að Bæjarlind 14-16, Kópavogi. Eigendaskipti.

Starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

2.1.5 Dalshraun 11, Hafnarfirði – líkamsræktarstöð.

Lögð fram umsókn Jóns Þórðarsonar f.h. Heilsudalsins ehf. kt: 540497-2149, dags. 2. október 2001, þar sem sótt er um leyfi til reksturs líkamsræktarstöðvar að Dalshrauni 11, Hafnarfirði. Endurnýjun.

Starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

2.1.6 Eyrartröð 2a, Hafnarfirði - matvælavinnsla.

Lögð fram umsókn Guðmundar Sigurðssonar f.h. Vogabæjar ehf. kt: 470193-3369, dags. 5. október 2001, þar sem sótt er um leyfi til reksturs matvælaframleiðslu að Eyrartröð 2a, Hafnarfirði. Ný starfsemi.
Starfsleyfi samþykkt með fyrirvara um að innra eftirlit verði komið á innan 1 mánaðar.

2.1.7 Eyrartröð 12, Hafnarfirði - fiskvinnsla.

Lögð fram umsókn Jónasar Ágústssonar f.h. Fiskverkunar Jónasar Ágústssonar kt: 681294-3419, dags. 8. október 2001, þar sem sótt er um leyfi til fiskverkunar að Eyrartröð 12, Hafnarfirði. Endurnýjun.
Starfsleyfi samþykkt til 10 ára með skilyrðum sem fram koma í sértækum starfsreglum heilbrigðisnefndar, sem gilda um starfsemina og þegar fyrir liggur að starfsemin samrýmist gildandi skipulagi og er í samræmi við samþykktu notkun fasteigna.

2.1.8 Fjarðargata 11, Hafnarfirði - brauðstofa.

Lögð fram umsókn Almars Halldórssonar f.h. Hrafna Flóka ehf. (Vöfluvagninn) kt: 650995-2019, dags. 18. október 2001, þar sem sótt er um leyfi til vöflubaksturs og þökkunar að Fjarðargötu 11, Hafnarfirði. Ný starfsemi.
Starfsleyfi samþykkt með fyrirvara um að innra eftirlit verði komið á innan 1 mánaðar.

2.1.9 Garðatorg 1, Garðabæ - söluturn.

Lögð fram umsókn Guðríðar Björgvinsdóttur f.h. Mánagrills ehf. kt: 571001-2170, dags. 17. október 2001, þar sem sótt er um leyfi til reksturs söluturns með óvarin matvæli að Garðatorgi 1, Garðabæ. Einnig umsókn um leyfi til smásölu á tóbaki frá sama aðila. Eigendaskipti.
Starfsleyfi samþykkt með fyrirvara um að innra eftirlit verði komið á innan mánaðar.

2.1.10 Garðatorg 7, Garðabæ - heilsugæsla.

Lögð fram umsókn Þórdísar Wíum f.h. Heilsugæslustöðvarinnar í Garðabæ kt: 670784-0299, dags. 14. september 2001, þar sem sótt er um leyfi til reksturs heilsugæslustöðvar að Garðatorgi 7, Garðabæ. Endurnýjun.
Starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

2.1.11 Garðatorg 7, Garðabæ - snyrtistofa.

Lögð fram umsókn Ernu Grétarsdóttur f.h. Snyrtistofunnar Þitt mál, kt: 110778-4069, dags. 20. september 2001, þar sem sótt er um leyfi til reksturs snyrtistofu að Garðatorgi 7, Garðabæ. Eigendaskipti.
Starfsleyfi samþykkt til 4 ára með skilyrði um að komið verði fyrir handlaug í vinnurými.

2.1.12 Hagasmári 1, Smáralind, Kópavogi - kaffisala.

Lögð fram umsókn Almars Halldórssonar f.h. Hefða ehf. (Leonidas) kt: 670601-2260, dags. 2. október 2001, þar sem sótt er um leyfi til reksturs kaffi- og konfektsölu í Smáralind að Hagasmára 1, Kópavogi. Ný starfsemi.
Starfsleyfi samþykkt.

2.1.13 Hagasmári 1, Smáralind, Kópavogi - verslunarmiðstöð.

Lögð fram umsókn Pálma Kristinssonar f.h. Smáralindar ehf. kt: 550496-2329, dags. 28. september 2001, þar sem sótt er um leyfi til reksturs verslunarmiðstöðvar (sameign) í Smáralind að Hagasmára 1, Kópavogi. Ný starfsemi.
Starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

2.1.14 Hagasmári 1, Smáralind, Kópavogi - kaffihús.

Lögð fram umsókn Sigurðar Óla Þórleifsson f.h. Java ehf. kt: 421001-3160, dags. 2. október 2001, þar sem sótt er um leyfi til reksturs kaffihúss í Smáralind, Hagasmára 1, Kópavogi. Ný starfsemi.
Starfsleyfi samþykkt með fyrirvara um að innra eftirlit verði komið á innan mánaðar.

2.1.15 Hagasmári 1, Smáralind, Kópavogi - skemmtistaðar.

Lögð fram umsókn Rúnars Fjeldsted f.h. Lukkusmárans ehf. kt: 511000-2460, dags. 3. október 2001, þar sem sótt er um leyfi til reksturs skemmtistaðar (spilasalar) í Smáralind, Hagasmára 1, Kópavogi. Ný starfsemi. Starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

2.1.16 Hagasmári 1, Smáralind, Kópavogi - snyrtivöruverslun.

Lögð fram umsókn Reynis Haukssonar f.h. Hygea ehf. kt: 620169-5449, dags. 3. október 2001, þar sem sótt er um leyfi til reksturs snyrtivörubúðar í Smáralind, Hagasmára 1, Kópavogi. Ný starfsemi. Starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

2.1.17 Hagasmári 1, Smáralind, Kópavogi - hárgreiðslu- og snyrtistofa.

Lögð fram umsókn Silvíu Daníelsdóttur f.h. Sensus tech (Mannleg tækni ehf.) kt: 691099-3349, dags. 3. október 2001, þar sem sótt er um leyfi til reksturs hárgreiðslu- og snyrtistofu í Smáralind, Hagasmára 1, Kópavogi. Ný starfsemi. Starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

2.1.18 Hagasmári 1, Smáralind, Kópavogi - skyndibitastaður.

Lögð fram umsókn Jóns Garðars Ögmundssonar f.h. Pönnu Pizza ehf. kt: 530695-2479, dags. 4. október 2001, þar sem sótt er um leyfi til reksturs skyndibitastaðar í Smáralind, Hagasmára 1, Kópavogi. Ný starfsemi. Starfsleyfi samþykkt með fyrirvara um að innra eftirlit verði komið á innan mánaðar.

2.1.19 Hagasmára 1, Smáralind, Kópavogi - snyrtistofa.

Lögð fram umsókn Maríu G Waltersdóttur f.h. Smárasól (MGW heildverslun ehf.) kt: 460701-2360, dags. 1. október 2001, þar sem sótt er um leyfi til reksturs sólbaðsstofu án heitra potta í Smáralind, Hagasmára 1, Kópavogi. Ný starfsemi. Starfsleyfi samþykkt til 4 ára með fyrirvara um fullnægjandi úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.1.20 Hagasmári 1, Smáralind, Kópavogi - rafstöð.

Lögð fram umsókn Þorsteins Sigurjónssonar f.h. Orkuveitu Reykjavíkur kt: 551298-3029, dags. 5. október 2001, þar sem sótt er um leyfi til reksturs rafstöðvar að Hagasmára 1, Smáralind, Kópavogi. Ný starfsemi. Starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

2.1.21 Hamraborg 11, Kópavogi - framköllunarþjónusta.

Lögð fram umsókn Sigurðar Jónssonar f.h. Myrkraverka, ljósmyndastofu kt: 610886-1919, dags. 4. október 2001, þar sem sótt er um leyfi til framköllunarþjónustu að Hamraborg 11, Kópavogi. Endurnýjun. Starfsleyfi samþykkt til 10 ára með skilyrðum sem fram koma í sértækum starfsreglum heilbrigðisnefndar, sem gilda um starfsemina og þegar fyrir liggur að starfsemin samrýmist gildandi skipulagi og er í samræmi við samþykktu notkun fasteigna.

2.1.22 Hellisgata 18, Hafnarfirði - söluturn.

Lögð fram umsókn Matteu Mohamed f.h. Egyptans kt: 670901-3780, dags. 17. október 2001, þar sem sótt er um leyfi til reksturs söluturns án óvarinna matvæla að Hellisgötu 18, Hafnarfirði. Einnig umsókn um leyfi til smásölu á tóbaki frá sama aðila. Endurnýjun. Starfsleyfi samþykkt með fyrirvara um að innra eftirlit verði komið á innan mánaðar.

2.1.23 Holtasmári 1, Kópavogi - bakarí.

Lögð fram umsókn Lárusar Ólafssonar f.h. Brauðbarsins ehf. kt: 630501-2960, dags. 17. október 2001, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bakarís að Holtasmára 1, Kópavogi. Ný starfsemi. Starfsleyfi samþykkt með fyrirvara um að innra eftirlit verði komið á innan mánaðar.

2.1.24 Klukkuberg 36, Hafnarfirði - tannlæknastofa.

Lögð fram umsókn Inga Gunnarssonar f.h. Tannlæknastofu Inga Gunnarssonar kt: 190554-3339, dags. 25. september 2001, þar sem sótt er um leyfi til reksturs tannlæknastofu að Klukkubergi 36, Hafnarfirði. Endurnýjun. Starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

2.1.25 Lyngás 12, Garðabæ - kjötiðnaður.

Lögð fram umsókn Sigurðar Ólafssonar f.h. Patehúsið ehf. kt: 441001-2150, dags. 18. október 2001, þar sem sótt er um leyfi til reksturs kjötiðnaðar að Lyngási 12, Garðabæ. Ný starfsemi. Starfsleyfi samþykkt með fyrirvara um að innra eftirlit verði komið á innan mánaðar.

2.1.26 Lækjarbotnar, Kópavogi - nám og vinnsla jarðefna.

Lögð fram umsókn Ómars Agnarssonar f. h. Steinsmiðjunnar Rein ehf. kt. 650200 2410, dags. 16. október 2001, þar sem sótt er um leyfi til steinnáms í landi Kópavogs í Lækjarbotnum. Ný starfsemi. Fyrirliggur jákvæð umsögn framkvæmdastjórnar um eftirlit með vatnsvernd sbr. 6. gr. heilbrigðissamþykktar nr. 636/1997. Samþykkt starfsleyfi til 4 ára með skilyrðum sem fram koma í sértækum starfsreglum heilbrigðisnefndar dags. 23.febrúar 2001.

2.1.27 Miðhraun 22, Garðabæ - söluturn.

Lögð fram umsókn Agnars Jónassonar f.h. Kosta ehf. kt: 550801-3370, dags. 17. október 2001, þar sem sótt er um leyfi til reksturs söluturns án óvarinna matvæla að Miðhrauni 22, Garðabæ. Einnig umsókn um leyfi til smásölu á tóbaki frá sama aðila. Ný starfsemi. Starfsleyfi samþykkt með fyrirvara um að innra eftirlit verði komið á innan mánaðar

2.1.28 Reykjavíkurvegur 60, Hafnarfirði - skyndibitastaður.

Lögð fram umsókn Steinars Pálmasonar f.h. Kaffi Tía María kt: 690600-3150, dags. 22. október 2001, þar sem sótt er um leyfi til reksturs skyndibitastaðar að Reykjavíkurvegi 60. Hafnarfirði. Eigendaskipti. Starfsleyfi samþykkt með fyrirvara um að innra eftirlit verði komið á innan mánaðar.

2.1.29 Salavegur, Kópavogi - leikskóli.

Lögð fram umsókn Kópavogsbæjar f.h. Leikskólans Fífusalir kt: 700169-3759-046, dags. 22. október 2001, þar sem sótt er um leyfi til reksturs leikskóla með fullbúnu eldhúsi við Salaveg, Kópavogi. Ný starfsemi. Starfsleyfi samþykkt með fyrirvara um fullnaðarúttekt heilbrigðisfulltrúa og innra eftirlit verði komið á innan mánaðar.

2.1.30 Smiðjuvegur 4, Kópavogi - fótaaðgerðarstofa.

Lögð fram umsókn Hafðísar Magnúsdóttur fótaaðgerðarstofu kt: 270862-2099, dags. 3. október 2001, þar sem sótt er um leyfi til reksturs fótaaðgerðarstofu að Smiðjuvegi 4, Kópavogi. Ný starfsemi. Starfsleyfi samþykkt með fyrirvara um fullnaðarúttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.1.31 Smiðjuvegur 4, Kópavogi - bónstöð.

Lögð fram umsókn Dale Ricardo Odle f.h. Bón King ehf. kt: 451001-2640, dags. 16. október 2001, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bónstöðvar að Smiðjuvegi 4, Kópavogi. Ný starfsemi. Starfsleyfi samþykkt til 15 ára með skilyrðum sem fram koma í sértækum starfsreglum heilbrigðisnefndar, sem gilda um starfsemina og þegar fyrir liggur að starfsemin samrýmist gildandi skipulagi og er í samræmi við samþykktu notkun fasteigna.

2.1.32 Vatnsendablettur 601, Kópavogi - safnaðarheimili.

Lögð fram umsókn Helgu K Ármannsdóttur f.h. KEFAS, Kristið samfélag kt: 640392-2239, dags. 17. október 2001, þar sem sótt er um leyfi til reksturs safnaðarheimilis með fullbúnu eldhúsi að Vatnsendabletti 601, Kópavogi. Ný starfsemi.

Starfsleyfi samþykkt með fyrirvara um að innra eftirlit verði komið á innan mánaðar.

2.2 Umsagnir.

2.2.1 Dalshraun 11, Hafnarfirði - Síam.

Lagt fram bréf Hafnarfjarðarbæjar dags. 19. október 2001, þar sem óskað er umsagnar um umsókn Stefaníu S. Björnsdóttur kt: 180860-4369, sem sækir um áfengisveitingaleyfi fyrir Síam, Dalshrauni 11, Hafnarfirði.

Jákvæð umsögn samþykkt með tilliti til svipmóts.

2.2.2 Dalshraun 15, Hafnarfirði - Hraunholt ehf.

Lagt fram bréf Hafnarfjarðarbæjar dags. 25. september 2001, þar sem óskað er umsagnar um umsókn Sigurjóns Sigurðssonar kt: 011066-4889, sem sækir um áfengisveitingaleyfi fyrir Hraunholt ehf. kt: 471092-2749, að Dalshrauni 15, Hafnarfirði.

Jákvæð umsögn samþykkt með tilliti til svipmóts.

2.2.3 Hagasmári 1, Smáralind, Kópavogi - Hefðir ehf. (Leonidas).

Lagt fram bréf Sýslumannsins í Kópavogi dags. 4. október 2001, þar sem óskað er umsagnar um umsókn Almars Halldórssonar kt: 180473-5139, sem sækir um veitingaleyfi fyrir Hefðir ehf. (Leonidas) kt: 670601-2260, í Smáralind, Hagasmára 1, Kópavogi.

Jákvæð umsögn samþykkt.

2.2.4 Hagasmári 1, Smáralind, Kópavogi - Pönnupizzur ehf.

Lagt fram bréf bæjarlögmanns Kópavogs dags. 8. október 2001, þar sem óskað er umsagnar um umsókn Gissurar Kristinssonar um leyfi til áfengisveitinga í Pönnu Pizzur ehf. í kt: 530695 2479 í Smáralind, Hagasmára 1, Kópavogi.

Jákvæð umsögn staðfest.

2.2.5 Hagasmári 1, Smáralind, Kópavogi - Pönnupizzur ehf.

Lagt fram bréf Sýslumannsins í Kópavogi dags. 8. október 2001, þar sem óskað er umsagnar um umsókn Jóns Garðars Ögmundssonar kt: 070263-4599, sem sækir um veitingaleyfi fyrir Pönnupizzur ehf. kt: 530695-2479, í Smáralind, Hagasmára 1, Kópavogi.

Jákvæð umsögn staðfest.

2.2.6 Hagasmári 1, Smáralind, Kópavogi - Java ehf.

Lagt fram bréf Sýslumannsins í Kópavogi dags. 9. október 2001, þar sem óskað er umsagnar um umsókn Sigurðar Óla Þórleifssonar kt: 181175-5249, sem sækir um veitingaleyfi fyrir Java ehf. kt: 421001-3160, í Smáralind, Hagasmára 1, Kópavogi.

Jákvæð umsögn samþykkt.

2.2.7 Hagasmári 1, Smáralind, Kópavogi - Le Vrai.

Lagt fram bréf Sýslumannsins í Kópavogi dags. 8. október 2001, þar sem óskað er umsagnar um umsókn Sigmundar Dýrfjörð kt: 130456-2279, sem sækir um veitingaleyfi fyrir Kaffi & te, í Smáralind, Hagasmára 1, Kópavogi.

Jákvæð umsögn staðfest.

2.3 Annað.

2.3.1 Dalshraun 13, Hafnarfirði - Sólskin ehf.

Lögð fram afrit af bréfum heilbrigðiseftirlits til Sólskins ehf. dags. 3. júlí og 4. september s.l. Samþykkt að banna notkun á Tristar ljósastól og Turbó standlampa þar til umbeðnar upplýsingar liggi fyrir.

2.3.2 Bæjarhraun 16, Hafnarfirði - Rekstrarfélagið Traust ehf.

Lagt fram afrit af bréfi heilbrigðiseftirlits til Traust ehf. dags. 1. október s.l.

Við eftirlit í dag kom í ljós að búið er í húsnæðinu.

Heilbrigðisnefnd samþykkir að veita eiganda umrædds eignarhluta að Bæjarhrauni 16, lokafrest til 15. nóvember n. k til að skila inn áætlun um rýmingu á húsnæðinu að viðlögðum dagsektum kr 10000 á dag frá sama tíma.

2.3.3 Bæjarhraun 16, Hafnarfirði - Fróði ehf.

Lagt fram afrit af símbréfi Fróða frá 8. október s.l. um sölu á sínum eignarhlut að Bæjarhrauni 16. Við eftirlit í dag kom í ljós að búið er í húsnæðinu.

Heilbrigðisnefnd samþykkir að veita nýjum eiganda að umræddum hluta fasteignarinnar að Bæjarhrauni 16 frest til 15. nóvember n.k. að skila inn greinargerð um notkun húsnæðisins.

2.3.4 Strandgata 32, Hafnarfirði - Sjófang hf.

Lagt fram afrit af bréfi heilbrigðiseftirlitsins dags. 27. september s.l. til Sjófangs hf. vegna útleigu á húsnæði til íbúðar að Strandgötu 32, Hafnarfirði.

Heilbrigðisnefnd samþykkir að beita eiganda umrædds hluta fasteignarinnar að Strandgötu 32, dagsektum að upphæð 5000 kr á dag þar til fyrirmælum hefur verið sinnt.

2.3.5 Leyfi til sölu Hydroxan fyrir sundlaugar.

Lagt fram bréf Alfreðs Guðmundssonar dags. 9. október 2001 þar sem óskað er eftir leyfi til notkunar á Hydroxan í laugarvatn í sundlaug Kópavogs.

Afgreiðslu frestað þar sem verið er að safna gögnum um efnið.

3. Geymslusvæðið.

Lagt fram afrit af skýrslu frá 10. október 2001 vegna eftirlits sem fram fór á lóð Geymslusvæðisins ehf. við Reykjanessbraut í Hafnarfirði.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

"Þar sem ekki er búið að fjarlægja timburúrgang sem er fyrir sunnan athafnasvæði Geymslusvæðisins ehf., Hraungörðum við Reykjanessbraut samþykkir heilbrigðisnefnd að beita eiganda svæðisins dagsektum að kr. 10000 á dag þar til fyrirmælum hefur verið sinnt."

4. Fundur með Umhverfisráðherra vegna loftgæðamælistöðvar.

Formaður gerði grein fyrir fundi sem hann, ásamt framkvæmdastjóra heilbrigðiseftirlits og bæjarstjóra Hafnarfjarðar áttu með Umhverfisráðherra um áframhaldandi rekstur mælistöðvarinnar á Hvaleyrarholti.

5. Fundargerð.

Lögð fram fundargerð framkvæmdastjórnar um vatnsvernd frá 24. október 2001.

6. Eftirlit með tannlæknastofum.

Lagt fram yfirlit um eftirlit með starfsemi tannlækna árið 2001, ásamt stöðumati varðandi sóttvarnir, amalgamskiljur, umhirðu við sogmótora og skil á spilliefnum. Þóra Elín Guðjónsdóttir, heilbrigðisfulltrúi, skýrði framkvæmd eftirlitsins og svaraði fyrirspurnum varðandi það.

Ákveðið að senda öllum tannlæknastofum yfirlitið.

Þóra Elín vék af fundi.

7. Staðardagskrá 21 í Kópavogi.

Á fundinn mætti Sigurborg Kr. Hannesdóttir, verkefnisstóri við vinnu við Staðardagsskrá 21 fyrir Kópavog. Sigurborg kynnti stöðu mála við verkefnið og ræddi um hlutverk heilbrigðisnefndar í því. Sigurborg vék af fundi.

8. Eftirlit vegna mengunarvarna í hesthúsabyggð.

Á fundinn mætti Páll Stefánsson, heilbrigðisfulltrúi og gerði grein fyrir samantekt um eftirlit sem fram fór í maí og júní 2001, í hesthúsahverfinu Heimsenda í Kópavogi. Heilbrigðisnefnd felur heilbrigðiseftirlitinu að kynna niðurstöður úr eftirlitinu fyrir hlutaðeigandi aðilum.

9. Önnur mál.

9.1 *Umgengni og þrifnaður á lóð*

Lagt fram aftrít af bréfi heilbrigðiseftirlitsins dags. 11. október s.l. til lóðareiganda að Blikastíg 9, Bessastaðahreppi varðandi nauðsyn lóðarhrensunar.

Heilbrigðisnefnd felur heilbrigðisfulltrúa að fylgja eftir hreinsun lóðarinnar og láta framkvæma hana á kostnað eiganda ef þörf krefur.

9.2 *Gagnagrunnur og heimasíða*

Rætt var um undirbúning að gerð heimsíðu fyrir starfsemi nefndarinnar og framvindu mála varðandi gagnagrunn sem verið er að vinna fyrir heilbrigðiseftirlitið í landinu, Hollustuvernd ríkisins og embætti yfirdýralæknis.

9.3 *Eftirlit með hundahaldi.*

Rætt var um framkvæmd eftirlits með hundahaldi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 19:15.

Andrés Pétursson

Jón Bjarni Þorsteinsson

Sigfríður Ingvarsdóttir

Sigurlaug Sigurðardóttir

Sigurgeir Ólafsson

Örn Sigurðsson